Borgarstjórn Reykjavíkur:

Deilt um hafnaraðstöðu fyrir smábáta í Reykjavík


Á borgarstjórnarfundi á fimmtudagskvöldið lagði Bjarni P. Magnússon (A) fram tillögu um, að borgarstjórn feli Hafnarstjórn að byggja upp hafnaraðstöðu fyrir smábáta í Reykjavíkurhöfn, ef könnun á vegum hafnarstjóra leiddi í ljós að mikil þörf væri á slíkri aðstöðu.

Bjarni sagðist leggja þessa tillögu fram til að borgarstjórn gæti tekið af öll tvímæli um vilja sinn í þessum efnum. Taldi hann þörfina á aukinni aðstöðu fyrir smábáta vera mikla og leiðinlegt ef borgarstjórn léti mál sem þessi velkjast lengi í nefndum og ráðum.

Bjarni hafði áður lagt fram tillögu um gerð smábátakvía og smábátaaðstöðu í gömlu höfninni á fundi hafnarstjórnar 25. september s.l. Á þeim fundi samþykkti hafnarstjórn samhljóða bókun, þar sem segir m.a., að hafnarstjórn hafi fjármagnað gerð aðstöðu fyrir smábáta og trillur, sem notaðar eru í atvinnuskyni, á tveimur stöðum í gömlu höfninni og borgarsjóður hefði fjármagnað aðstöðu fyrir skemmtibáta í Skerjafirði og Elliðavogi. Taldi hafnarstjórn ekki tímabært að leggja ný svæði í gömlu höfninni undir smábáta en fól hafnarstjóra að gera úttekt á þörf hafnargerðar fyrir smábáta í Reykjavík.

Guðmundur Hallvarðsson (S) sagði þessa tillögu lagða fram með óvenjulegum hætti og með samþykkt hennar væri verið að taka ábyrgð og forræði í þessum málum af hafnarstjórn. Sagði Guðmundur róttækar breytingar vera í vændum á svæðinu í kringum Reykjavíkurhöfn og óvíst með notkunargildi hennar í framtíðinni. Sá hann því ekki ástæðu til að flytja þessa starfsemi þangað, heldur væri nær að bæta hana á þeim stöðum, þar sem hún nú er.

Tillaga Bjarna var felld með níu atkvæðum gegn einu.



Guðrún Kristjánsdóttir við eitt verka sinna.

Kjarvalsstaðir:

Sýning á verkum Guðrúnar Kristjánsdóttur opnar í dag

SÝNING á verkum myndlistarkonunnar Guðrúnar Kristjánsdóttur verðuyr opnuð á Kjarvalsstöðum í dag kl. 14. Þar sýnir Guðrún 50 verk, flest unnin á þessu ári og eru þau öll til sölu.

Flest verk Guðrúnar eru „samsett" (collage) úr handgerðum pappír, sem hún hefur gert sjálf, og einnig úr máluðu taui.

Guðrún Kristjánsdóttir er 36 ára Reykvíkingur. Hún nam við Myndlistarskóla Reykjavíkur og við listaskóla í Aix-en-Provence, í Frakklandi um nokkurra ára skeið. Guðrún hefur tekið þátt í samsýningu FÍM 1983, Kvennasýningunni „Hér og nú" í fyrra og „Reykjavík í myndlist," á Kjarvalsstöðum á þessu ári.

Sýningin, sem opnar í dag, er fyrsta einkasýning Guðrúnar. Sýningin verður opin daglega kl. 14-22, dagana 4. til 19. október.

Króksfjarðarnes:

12% dilka í O flokk

Miðhúsum, Reykhólasveit.

FYRSTA hálfa mánuðinn fóru rúmlega 12% af slátruðum lömbum í sláturhúsi kaupfélagsins í Króksfjarðarnesi í 2. flokk O, eða offituflokkinn sem svo er kallaður.

Samkvæmt upplýsingum frá Sigurði Bjarnasyni kaupfélagsstjóra í Króksfjarðarnesi var fyrsta hálfa mánuðinn slátrað í sláturhúsinu þar 4.847 dilkum og var meðalfallþungi 15,7 kg. Er þetta svipaður meðalfallþungi og í fyrra. Á þessum tíma fóru 500 dilkar í O flokkinn og var meðalvikt þar 19 kíló. Lenda því 12,4% af dilkunum í verðskerðingu vegna offitu.

Siglufjörður:

Mikil hálka

Siglufirði.

MIKIL hálka hefur verið á Siglufirði undanfarna daga en engin umferðaróhöpp hafa þó orðið, að sögn lögreglunnar.

Margir þakka þetta því að hámarkshraðinn hér innanbæjar er 35 km og fara menn því yfirleitt mjög varlega.

Viðræður enn um rekstur Hótels Húsavíkur

Húsavík.

Samvinnuferðir-Landýn hefur haft Hótel Húsavík á leigu sl. eitt og hálft ár, en sá samningur rann út 1. október. Undanfarið hafa staðið yfir viðræður milli aðilanna um áframhaldandi leigu, en ennþá hefur ekki ennþá náðst samkomulag.

Herbergjanýting á hótelinu hefur verið með betra móti þetta ár, en ráðstefnur færri en oft áður enda hefur hótelum með aðstöðu fyrir ráðstefnuhald fjölgað á undanförnum árum en fæst hafa þó hótelin þá staðsetningu að vera mitt í einu eftirsóknasta ferðamannahéraði landsins. Nýlunda var að hér voru á sl. vetri haldin þrjú landsmót í bridds sem þóttust takast vel.

Fréttaritari

INNLENT

Myntsafnarafélag Íslands:

Danskur myntsérfræðingur með fyrirlestur í Norræna húsinu

HÉR Á landi er staddur danskur myntsérfræðingur, Jerry Mayer og mun hann flytja fyrirlestur um danska og íslenska sérmynt í Norræna húsinu á sunnudag. Mayer hefur sérhæft sig í söfnun sérmyntar, sem er óopinber mynt sem notuð var fyrr á öldum, í stað venjulegra peninga, og eru reyndar enn notuð í Danmörku.

Elsta danska sérmyntin er frá miðöldum, og var blýmyntin notuð í síldarplássum, eins og síðar var gert á Íslandi. Sérmynt frá þessum tíma er mjög sjaldgæf og eru einungis til 15 gerðir frá tímabilinu 1200 til 1300. Notkun sérmyntar af þessu tagi var síðan ekki tekin upp aftur í Danmörku fyrr en 1850 og voru þá slegnir sérstakir peningar fyrir hótel og veitingahús, auk þess sem mörg fyrirtæki áttu það til að greiða starfsfólki með eigin mynt, sem fólkinu var svo skylt að versla fyrir í búðum fyrirtækjanna.

Fyrir aldamótin síðustu var slegin samskonar mynt hérlendis og voru það svonefndir „brauðpeningar." Fór þá fólk með sekki af mjöli til bakarans og fékk sérstaka brauðpeninga fyrir, en bakarinn tók helming mjölsins í greiðslu fyrir að baka brauð úr mjölinu.

Vændiskonum í Kaupmannahöfn var skylt á síðustu öld að fara í læknisskoðun og keyptu gleðikonurnar sérstaka peninga hjá lögreglunni til að greiða fyrir þjónustu lögreglulæknisins.

Áhugi Mayers á myntsöfnun hófst árið 1959 en árið 1962 hóf hann að safna sérmynt fyrir alvöru. Hann átti þá 20 slíka peninga, en safn hans telur nú um 3.000 peninga. Mayer á tæplega 30 íslenska, óopinbera peninga og eru vörupeningarnir frá því fyrir 1930 mjög verðmætir. Tunnumerkin svokölluðu frá síldarárunum, eru öllu algengari, og á Mayer töluvert safn af þeim.

Mayer er hér í boði Myntsafnarafélags Íslands og mun hann fjalla um bæði íslenska og danska sérmynt á fyrirlestrinum í Norræna húsinu á sunnudag og sýna skyggnur af nokkrum slíkum peningum. Fyrirlesturinn hefst kl. 15.



Morgunblaðið/Ól.K.M.

Jerry Mayer, sérfræðingur í danskri sérmynt.

Mistök í auglýsingu:

Kaupstaður seldi lambakjötið á 100 kr. undir verði

Í AUGLÝSINGU í Morgunblaðinu á miðvikudag var auglýst lambakjöt af nýslátruðu til sölu í versluninni Kaupstaði á 198 krónur kílóið, en í ljós kom að mistök höfðu orðið í auglýsingagerð og var rétt verð á kjötinu 298 krónur kílóið.

„Við seldum kjötið á auglýstu verði, á meðan birgðir entust," sagði Elís Helgason, verslunarstjóri Kaupstaðar, í samtali við Morgunblaðið á fimmtudag. „Þetta voru að vísu leið mistök, en ég held að allir hafi nú verið sáttir við hvernig málinu lyktaði." Elís gat ekki sagt með vissu hvað mikið af kjöti var selt á lága verðinu, en á fimmtudag komu nýjar birgðir og voru þær seldar á réttu verði.

„Salan hefur gengið alveg ljómandi í dag, enda er rétta verðið einnig mjög gott. Ég vonast til þess að við seljum jafn mikið og á miðvikudaginn," sagði Elís.

Gunnar Steinn Pálsson hjá Auglýsingaþjónustunni GBB, sem sér um gerð auglýsinga fyrir Kaupstað, sagðist sjálfur bera ábyrgð á mistökunum.

„Mistökin snérust nú upp í hið ánægjulegasta mál, þannig að fólk streymdi til innkaupa í Kaupstað og kjötið seldist upp á skömmum tíma," sagði Gunnar Steinn.

„Við tókum þá stefnu strax um morguninn að selja kjötið á auglýstu verði og samþykktum að gera það með bros á vör. Mér fannst við bara snúa þessu snyrtilega okkur í hag. Við auglýstum líka í útvarpi „lambakjöt á sprenghlægilegu verði" og allir höfðu mjög gaman af. Því miður gátum við ekki haldið þessu áfram fram að helgi, bæði vegna þess að nægilegt kjötmagn hefði aldrei fengist og einnig vegna þess að margir ætluðu sér ef til vill einum of stóran hlut af því kjöti sem til sölu var," sagði Gunnar Steinn að lokum.

Kvennalistakonur bjóða fram

Kvennalistakonur í Reykjavík ákváðu á félagsfundi sem haldinn var á miðvikudagskvöld að bjóða fram í næstu kosningum til Alþingis í Reykjavíkurkjördæmi. Framboðið var samþykkt einróma.

Í fréttatilkynningu frá kvennalistakonum segir:

„Fram kom á fundinum að Kvennalistakonur telja allar fyrri ástæður fyrir sérframboði kvenna enn í fullu gildi. Aðstæður kvenna hafa versnað í tíð núverandi ríkisstjórnar og því aldrei nauðsynlegra en nú að konur láti til sín taka hvar sem ráðum er ráðið. Ein af ástæðum þess að konur ákváðu á sínum tíma að bjóða fram kvennalista til Alþingis var nauðsyn hugarfarsbyltingar í íslensku þjóðfélagi og nýrra starfshátta í íslenskum stjórnmálum. Ljóst er að hvort tveggja á enn langt í land. Ljóst er einnig að konur verða sjálfar að berjast fyrir rétti sínum og betri heimi, aðrir gera það ekki fyrir þær. Þess vegna bjóða Kvennalistakonur fram nú."

Opið prófkjör A-listans

AÐALFUNDUR kjördæmisráðs Alþýðuflokksins í Reykjaneskjördæmi var haldinn í Stapa í Njarðvík 30. september sl.

Í stjórn voru kjörnir Hörður Zóphaníasson formaður, Gísli Ólafsson og Gunnlaugur Guðmundsson. Í varastjórn: Georg Tryggvason, Örn Eiðsson og Petrína Baldursdóttir.

Fráfarandi formaður, Sigþór Jóhannesson, baðst undan endurkosningu.

Á fundinum var ákveðið að viðhafa opið prófkjör um 5 efstu sæti A-listans í Reykjaneskjördæmi fyrrihluta nóvembermánaðar.

Í samræmi við lög Alþýðuflokksins kaus kjördæmisráðið 5 menn í flokkstjórn Alþýðuflokksins og tvo til vara. Þessi voru kosin: Anna Margrét Guðmundsdóttir, Keflavík, Gestur Geirsson, Garðabæ, Hauður Helga Stefánsdóttir, Kópavogi, Magnús Ólafsson, Grindavík og Margrét Pálmarsdóttir, Hafnarfirði og til vara Ólafur H. Einarsson, Mosfellssveit og Eðvald Bóasson, Njarðvík.